

Nd.

699. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í desembermánuði s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um minkaeldi á Íslandi. Nefndin tók sér nauman tíma til starfa, enda teljum við undirritaðir, að allmikið skorti á, að hún hafi kannað, svo sem nauðsynlegt er, annars vegar hugsanlega arðsemi af minkaeldi og hins vegar annmarkana á því að flytja á nýjan leik til landsins dýr, sem þegar hefur gert mikinn usla í íslenskri náttúru. Teljum við æskilegt, að nefndin fjalli gaumgæfilegar um málið, áður en það verði tekið til endanlegrar ákvörðunar á Alþingi. Því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að framkvæmd verði frekari rannsókn á kostum og göllum minkaeldis á Íslandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nefndaráliti þessu fylgja greinargerðir frá minni hluta nefndar þeirrar, sem landbúnaðarráðherra skipaði til að fjalla um minkaeldi, enn fremur álitserð frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 9. maí 1969.

Magnús Kjartansson,
frsm.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal I.

Með bréfi, dags. 16. des. 1968, skipaði landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd til að endurskoða frumvarp til laga um loðdýrarækt, sem var til meðferðar á síðasta Alþingi og þá vísað til ríkisstjórnarinnar vegna of lítills undirbúnings, vantrúar á þýðingu þessarar atvinnugreinar og beinnar andstöðu við málið. Nefndinni var enn fremur falið að athuga þau atriði, sem máli kynnu að skipta í sambandi við loðdýraeldi hér á landi, og gera tillögur til ráðuneytisins um, hvort leyfa skuli minkaeldi hér á landi eða ekki. Ef nefndin kæmist að jákvæðri niðurstöðu, skyldi hún gera tillögur um, hvernig um minkabú skuli búið, og um aðrar varúðarráðstafanir, er skipta kynnu máli, til að verja þessa nýju atvinnugrein áföllum og náttúru landsins tjóni.

Nefndin hóf störf sín 10. janúar s. l. og hefur síðan haldið nokkra fundi. Hún boðaði til sín nokkra menn til að upplýsa málið, en þar kom ekkert nýtt fram frá því í fyrra, er landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hafði málið til meðferðar, enda ekki þess að vænta, þar sem nefndin ræddi við sömu aðila og landbúnaðarnefndin gerði. Engin þekking er í okkar landi um þessa atvinnugrein, og nefndin hafði of skamman tíma til starfa, til að tóm gæfist til að kynna sér málið hjá erlendum aðilum, svo að nokkuð sé á því að byggja.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar, Ásberg Sigurðsson, Jónas Pétursson og Bragi Sigurjónsson, leggur til, að minkaeldi verði leyft, og leggur fram frumvarp til laga um loðdýrarækt.

Minni hlutinn lítur svo á, að nefndin hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið, eins og landbúnaðarráðherra lagði fyrir nefndina að gera, og því ekkert á því að byggja, sem frá nefndinni kemur á þessu stigi málsins.

Ef landbúnaðarráðherra gerir sér að góðu slík vinnubrögð, er það sýnt, að þessi nefndarskipun hefur aldrei verið nema til málamynda, aðeins til að geta sagt, að nefnd hafi verið skipuð í málið og hafi gert um það tillögur.

Enginn nefndarmananna hefur neina reynslu eða sérþekkingu varðandi minkarækt, og því hlýtur nefndin að þurfa talsverðan tíma til að kynna sér málið, ef hún á að vera þess umkomin að taka afstöðu til málsins, sem byggð sé á könnun, eða gera tillögur um gerð mannvirkja, þar sem fyllsta öryggis sé gætt, eftir því sem það er hægt, og hins, að kostnaður fari ekki úr hófi fram, hvað þá um annað, sem málið varðar.

Benda má á ýmis atriði í greinargerð meiri hlutans, sem þarfnast frekari athugunar. Þar er til dæmis fullyrt, að hár fóðurkostnaður standi því fyrir þrifum, að minkarækt hafi aukizt á Norðurlöndum og í Kanada undanfarin ár. Minni hlutinn vill benda á þann möguleika, að markaðsörðugleikar ráði hér miklu, og telur fráleitt, að flutt verði frumvarp um minkarækt, fyrr en markaðsmálin eru betur könnuð.

Mjög ábatasamur liður í loðdýrarækt og verzlun er fólginn í sölu lífdýra til annarra búa, einkum nýrra loðdýrabúa. Ber því að taka með varúð áhuga erlendra aðila á endurvakningu minkaræktar á Íslandi á tímum, þegar girt virðist fyrir útþenslumöguleika þessarar atvinnugreinar innanlands hjá þeim.

Frá því minkarækt var lögð niður á Íslandi, hafa miklar framfarir orðið í fræðilegri fóðrun, hirðingu og kynbótum aliminka, svo sem fram kemur í greinargerð meiri hlutans. Frumskilyrði þess, að minkaeldi verði arðvænlegur atvinnurekstur hérlendis, er vitanlega, að islenzkir minkaræktendur tileinki sér þessi vísindalegu vinnubrögð. Erlendis munu aliminkar aldri á fóðurlöndum með þekktri og mjög jafnri samsetningu. Þó að fiskúrgangur frá sumaraflanum, ásamt ýmsum úrgangs- og ruslfiski, svo að vitnað sé í greinargerð meiri hlutans, geti eflaust orðið undirstaða verðmæts minkafóðurs, þarf að auðga þessa undirstöðufæðu ýmsum steinefnum og bætiefnum. Búast má við, að þessi viðbót þurfi að vera breytileg eftir efnasamsetningu úrgangsfisksins og að ekki fáist úrvalsskinn af minkunum, nema óslitið

fræðilegt eftirlit sé haft með blöndun fóðursins. Ef miðað verður við erlenda reynslu, yrði trúlega hagstæðast að setja upp sérstakar blöndunarstöðvar, þar sem úr fisk- og sláturúrgangi ásamt tilskildum viðbótarefnum væri framleitt fullgilt minkafóður, í stað þess að fiskúrgangur af breytilegri samsetningu fari „beint í hakkavélina“, eins og meiri hlutinn gerir ráð fyrir í greinargerð sinni. Hér er greinilega — svo sem í fleiri atriðum — þörf frekari könnunar, og búast má þarna við kostnaði, sem ekki er gert ráð fyrir í lauslegri athugun Efnahagsstofnunarinnar.

Að athuguðu máli leggur minni hlutinn til, að nefndin fái málið til endurskoðunar, byggi afstöðu sína á könnun, en ekki á trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina, og verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda er það í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

Ef frumvarp það, sem meiri hlutinn hefur gengið frá og sent ráðuneytinu, verður nú lagt fyrir Alþingi, er ekki líklegt, að það nái fram að ganga, þar sem ekkert nýtt hefur komið fram í málinu, sem ætla má að breyti afstöðu þingmanna til málsins.

Auk ofangreindra atriða óskar annar okkar, Örnólfur Thorlacius, að skila sér-áliti um þá hættu, er hann telur náttúru landsins búna af strokuminkum, ef minkarækt yrði tekin hér upp að nýju.

Reykjavík, 11. marz 1969.

Stefán Valgeirsson. Örnólfur Thorlacius.

Til
landbúnaðarráðherra.

Fylgiskjal II.

Ýmis umsvif í atvinnulífi nútímaþjóðfélags eru þess eðlis, að náttúru lands eða sjávar er af þeim nokkur hætta. Með vaxandi menntun almennings og auknum tómstundum eykst skilningur manna á þeim auði, sem fölginn er í óspilltri náttúru, auk þess sem rányrkju á náttúruauðlindum fylgir oft fjárhagslegt tjón. Þegar innflutningur minka hófst hér fyrir tæpum 40 árum, urðu náttúrufræðingar og ýmsir fleiri aðilar til að vara við því tjóni, sem af þessu dýri mundi hljóta, ef það næði að ilendast hér. Þessum viðvörðunum var ekki sinnt, en þær hafa nú löngu sannast.

Þegar nú er íhugað, hvort leyfa skuli minkaeldi á nýjan leik hérlendis, ber að athuga, hver hættu náttúru landsins geti enn stafað af þessari atvinnugrein, og meta, hvort ágóði af minkaeldi verði slíkur, að hann réttlæti, að banninu gegn minkaeldi á Íslandi verði aflétt.

Í minni hluta áliti okkar Stefáns Valgeirssonar eru færð rök að því, að viðhlítandi könnun á ábatasemi minkaeldis hérlendis hefur enn ekki farið fram. Ef frumvarp til laga um loðdýrarækt verður samt lagt fyrir Alþingi að þessu sinni, leyfi ég mér að vekja athygli á því, að hættan af innflutningi aliminka er engan veginn úr sögunni, þótt fyrir sé í landinu villiminkur og ósennilegt sé, að honum verði útrýmt, a. m. k. með þeim aðferðum, sem nú eru tiltækar.

Aliminkar, sem úr haldi sleppa, hegða sér á allt annan veg en villiminkar, sem fyrir eru í landinu og aðhæft hafa hér aðstæðum. Nægir í þessu sambandi að vekja athygli á því, að á meðan minkarækt var stunduð hérlendis, bárust tíðar fréttir af spjöllum, sem minkar unnu á alifuglum, auk þess sem minka varð oft vart í þéttbýli, jafnvel inni í höfuðborginni. Nú er minkastofninn í landinu mun stærri og útbreiddari en þá var, en samt fréttist sjaldan um ásókn minka í hænsn eða aðra alifugla, og menn verða á allan hátt minna varir við villiminka en áður. Og ástæða er til að ætla, að spjöll þau, sem nýsloppnir minkar valda á villtri náttúru landsins, einkum á fuglalífi, séu líka meiri en búisifjar af völdum hagvanra villiminka. Ýmsir vísindamenn telja t. d., að nýsloppnir aliminkar æxlist örvar en minkar, sem komnir eru í jafnvægi við umhverfið.

Því er oft haldið fram, að með traustlegum frágangi minkabúa megi koma að mestu eða öllu leyti í veg fyrir að minkar sleppi úr haldi, og að auðvelt sé að ná þeim fáu kvikindum, sem sleppa kunni. Reynsla nágranna okkar á Norðurlöndum (og raunar annarra þjóða, þar sem minkaeldi fer fram) sýnir hins vegar, að aliminkar sleppa jafnt og þétt úr haldi. Í Danmörku eru náttúrlegar aðstæður þannig, að auðvelt er að veiða þau dýr, sem sleppa, svo að villiminkur er þar ekkert vandamál, en í Skandinavíu lifir og breiðist út talsverður stofn villiminka, og er álit margra sérfræðinga, að ókleift sé að halda þessum stofni niðri, meðan minkaeldi fer þar fram. Í þessum löndum voru þó fyrir marðategundir með svipuðum lifnaðarháttum og minkur, en hér var ekkert slíkt dýr villt fyrir, er minkaeldi hófst, þannig að jafnvægi náttúrunnar var — og er enn — mun meiri hætta búin hér af minkaeldi en í flestum öðrum löndum.

Þau rök, sem fram hafa verið færð um ábatasemi minkaræktar hér á landi, virðast mér mjög ófullnægjandi, svo sem fyrr greinir, en það, sem ég hef nú talið, hvetur hins vegar til varfærni. Þeir fulltrúar náttúrufræðinga, sem látið hafa í ljós álit sitt um þetta mál, t. d. Náttúruverndarráð og stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags, hafa varað við innflutningi aliminka á sömu forsendum og ég hef hér rakið.

Reykjavík, 11. marz 1969.

Örnólfur Thorlacius.

Til landbúnaðarráðherra.

Fylgiskjal III.

HIÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG

Náttúruverndarnefnd Hins íslenska náttúrufræðifélags skorar á Alþingi að leyfa ekki minkaeldi í landinu að nýju. Máli okkar til stuðnings viljum við leyfa okkur að benda á eftirfarandi atriði:

1. Náttúrufræðingar, sem fjallað hafa um þetta mál, eru sammála um, að ekki beri að leyfa minkarækt á Íslandi að nýju. Ef farið hefði verið að þeirra ráðum í upphafi, væri enginn minkur á Íslandi nú.

2. Reynslan hefur sýnt, að enginn getur ábyrgzt, að minkar sleppi ekki úr haldi. Minkabúr geta t. d. skemmzt af völdum náttúruhamfara eða dýrin komizt út á annan hátt. Þetta hefur ekki aðeins gerzt hér á landi, heldur einnig í öðrum löndum, svo sem Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Afleiðingin verður sú, að öðru hvoru koma hópar aliminka út í náttúruna, en það eru einmitt slíkir minkar, sem mestu tjóni valda. Þeir fara um myrðandi án tillits til þarfa. Einnig verður að gera ráð fyrir, að þessum minkum fjölgi miklu örar en þeim villtu minkum, sem fyrir eru. Það tekur minka, sem sleppa úr búrum, langan tíma að aðlaga sig umhverfi sínu og taka upp lífshætti villtra dýra. Þetta hefur því í för með sér, á meðan minkaeldi er stundað, að sifelld röskun verður á jafnvægi í náttúrunni, en slíkt getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Sá minkastofn, sem fyrir er í landinu, hefur að baki sér aðlögunarskeið og hefur tekið upp lifnaðarhætti villtra dýra. Ætti því tjón það, sem hann veldur, að fara minnkandi, enda er hann sennilega að komast í jafnvægi í náttúrunni eftir uppnám það, sem hann olli með fyrstu tilkomu sinni. Minkastofn þessi hefur þó ekki verið rannsakður enn, hvorki stofnstærð hans né lifnaðarhættir. Að svo stöddu er því erfitt að meta, hvaða tjóni núverandi villiminkastofn kann að valda í framtíðinni, ef ekki tekst að útrýma honum.

3. Nefndin dregur í efa, að skilyrði til minkaræktar hér á landi séu eins góð og forsvarsmenn minkaræktar vilja vera láta. Í þessu sambandi viljum við benda á þá

staðreynd, að minkarækt hafði að mestu lagzt niður af sjálfsdáðum, er hún var bönnuð árið 1951.

4. Ísland hefur algera sérstöðu að því er varðar fábreytni í gróðri og dýralífi og verður því að gæta alveg sérstakrar varúðar við innflutning dýra. Við viljum minna á það tjón, sem hlotizt hefur af innflutningi dýra að vanhugsuðu og órannsókuðu máli. Erlendis er bæði hundapest og hundæði í minkastofnum, en hundæði er mjög alvarlegur og mannskæður sjúkdómur, eins og kunnugt er.

5. Nefndin telur hættu á, að draga mundi úr áhuga á því að halda villiminknum í skefjum, ef minkarækt yrði leyfð, þar sem alltaf mætti gera ráð fyrir, að dýr slyppu úr haldi að nýju. Einnig hafa erlendir aðilar látið í ljós áhuga á því að gera tilraun til þess að eyða villimink hér á landi með sýkingu, en slíkar tilraunir er auðvitað aðeins hægt að framkvæma í landi, þar sem minkabú eru ekki fyrir hendi.

6. Um leið og við itrekum andstöðu okkar og mótmæli gegn innflutningi minka og minkarækt, viljum við skora á Alþingi að heita öllum tiltækum ráðum til eyðingar og útrýmingar villiminknum í landinu.

Frá Náttúruverndarnefnd

Hins íslenska náttúrufræðifélags.